

1. bekkur náttúrugreinar

Kennarar: Daði Guðjónsson; Erla Hrönn Júlíusdóttir;
Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Átta sig á mismunandi árstíðum, fræðast um líkamann og helstu þarfir okkar, kynnast umhverfi skólans, kynnast íslenskum fuglum

Námsefni

Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu umhverfið, ýmsar fuglabækur og fjölbreytilegir textar úr ýmsum bókum og blöðum.

Kennsluaðferðir

Kennarar munu nota fjölbreyttar kennsluaðferðir: Fyrirlestur, sýnikennsla, vettvangsferð, kennslubókarkennsla, námsleikir, samræðuaðferð, leikir, spurnaraðferð, þrautalausnir, leitaraðferðir og hópavinnubrögð.

Námsmat

Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat er sett fram í almennum þáttum.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk (Hæfniviðmið) - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið)

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Vinnubrögð og færni

- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Náttúrugreinar verklag fyrir 1.-4. bekk (Metanleg hæfniviðmið) - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.